

Ed.

404. Frumvarp til laga

[211. mál]

um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Vinna skal að heftingu landbrots og hindra önnur spjöll á nytjalandi af völdum vatna með fyrirhleðslum og lagfæringum á árfarvegum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Í hverri sýslu skulu starfa tveir matsmenn, sem séu héraðsráðunautur í jarðrækt og umdæmisverkfræðingur Vegagerðar ríkisins eða fulltrúi hans.

Matsmenn skulu fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum af völdum vatna. Þeir skulu taka við erindum frá landeigendum, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af þessum sökum.

Matsmenn skulu semja álitserð um varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. júlí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Ennfremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitserðina skulu matsmenn senda til landbúnaðarráðuneytisins og fjárveitinganefndar Alþingis, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

Vegagerð ríkisins skal annast verkfræðilegan undirbúning, þegar um meiri háttar framkvæmdir er að ræða samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Í því skyni skal hún, þegar við verður komið, afla sér sérhæfðra starfskrafta á þessu sviði svo og til að gera vatnafræðilegar athuganir á því, hvernig heppilegast er að vinna gegn ágangi vatna.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir $\frac{7}{8}$ hluta kostnaðar við framkvæmdir samkvæmt því, sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Landeigendur greiða $\frac{1}{8}$ hluta, sem skiptist milli þeirra í hlutfalli við kostnað af varnarframkvæmdum fyrir landi hvers og eins og hag þeirra af varnaraðgerðum. Verði ekki samkomulag um skiptingu á kostnaðarhluta landeigenda, skera matsmenn úr. Framkvæmdum má fresta, ef ekki er samkomulag um þær eða kostnaðarskiptingu milli landeigenda.

5. gr.

Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrót, sem stofnar opinberum mannvirkjum, svo sem vegum, í hættu, og greiðir ríkissjóður þá allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir ríkissjóður að fullu

kostnað við framkvæmdir, sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns, sem hefst vegna aðgerða opinberra aðila, t. d. þar sem þrengt er að úm við vega- og brúargerðir, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr árfarvegi o. s. frv.

6. gr.

Þar sem framkvæmdir samkv. lögum þessum kunna að snerta veiði eða fiskræktarmöguleika í viðkomandi vatni, er skylt að kynna framkvæmdaáætlanir fyrir stjórn viðkomandi veiðifélags, þannig að þeim gefist kostur á að gefa um þær umsögn.

7. gr.

Nú telja matsmenn, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir, vegna yfirvofandi skemmda á nytjalandi, og skal það þá heimilt, enda komi samþykki landbúnaðarráðuneytisins til. Framlög til slíkra framkvæmda skulu njóta forgangs á fjárlögum næsta árs.

8. gr.

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Vegagerðin skal og annast greiðslu á hluta ríkisins af framkvæmdarkostnaði, að því marki, sem fjárlög heimila.

9. gr.

Bætur fyrir landspjöll vegna framkvæmda, t. d. ef vatni er veitt á land annars manns, skal telja með kostnaði við verkið og greiða samkvæmt úrskurði matsmanna.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Engin sérstök löggjöf er til um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, umfram það sem er í vatnalögum nr. 15 frá 1923, VII. kafla, „Um varnir lands gegn ágangi vatna“ 75.—77. gr. Þar eru engin ákvæði um þátttöku ríkisins í kostnaði við fyrirhleðslur eða varnir gegn ágangi vatna.

Lög hafa verið sett um fyrirhleðslur á ákveðnum vatnasvæðum, svo sem vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (Lög um samgöngubætur og fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts nr. 27 1932) og Héraðsvatna (Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekku nr. 113 1945).

Ríkið hefur þó árlega veitt stuðning við fyrirhleðslur á fjárlögum, ákveðna upphæð til hvers einstaks verkefnis. Sá háttur hefur þá verið hafður á, að erindi, sem fjárveitinganefnd hafa borizt um slíkan stuðning, hafa verið send til Vegagerðar ríkisins til umsagnar og hún gert tillögur um fjárveitingar. Vegagerð ríkisins mun svo í langflestum tilfellum hafa annazt framkvæmdirnar og lagt til fagþekkingu. Það kemur fram í skýrslum búnaðarsambanda og gróðurverndarnefnda, að í flestum héruðum er talið, að um meira eða minna landbrot af völdum fallvatna sé að ræða.

Í viðræðum, sem nefndin átti við fulltrúa frá Vegagerð ríkisins, kom fram, að ekki hafa farið fram neinar skipulegar rannsóknir á þeim skaða, sem fallvötn valda né á heppilegustu aðferðum til að vinna gegn honum. Það er skoðun nefndarinnar, að slíkt þyrfti þó að gera, og að æskilegt væri að ráðinn yrði sérfræðingur í vatnafræði (hydrolog) til þess starfs.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, gerir ráð fyrir, að þessu sé komið í fast form, þannig að í hverju héraði verði ákveðnum matsmönnum falið að fylgjast með

því, hvar hættu er á landskemmdum vegna ágangs vatna. Með því að velja í þetta starf héraðsráðunaut í jarðrækt í viðkomandi sýslu og umdæmisverkfræðing Vegagerðarinnar á viðkomandi svæði eða einhvern af hans starfslíði, ætti að vera tryggt, að vel verði fylgt með þessum málum og að auðvelt verði fyrir viðkomandi landeigendur að koma á framfæri ábendingum um það, hvar aðgerða er þörf, og óskum um úrbætur.

Matsmenn mundu síðan fyrir 1. júlí ár hvert senda inn álitserðir um þörf fyrir framkvæmdir á næsta ári, ásamt áætlunum um tilhögun framkvæmda.

Með þessu móti væri hægt að taka tillit til þessa við undirbúning fjárlagafrumvarps hverju sinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ríkissjóður greiði $\frac{7}{8}$ kostnaðar af framkvæmdum við fyrirhleðslur og varnir gegn landbroti eins og tíðkæzt hefur.

Ef um meiriháttar verkefni er að ræða, er ætlað til, að verkfræðingar Vegagerðar ríkisins annast verkfræðilegan undirbúning.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að vinna beri skipulega að heftingu landbrots og að því að hindra spjöll á nytjalandi af völdum vatna. Þar er átt við hvers konar spjöll á landi af völdum straumvatna og stöðuvatna. Hins vegar mundu lög þessi ekki ná til landbrots af völdum sjávar.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um matsmenn, sem skulu fylgjast með landbroti og öðrum skemmdum. Ætlað er til, að matsmenn sendi álitserðir sínar svo snemma sumars ár hvert, til þess að hægt sé að byggja á þeim við undirbúning fjárlaga.

Um 3. gr.

Með greininni er Vegagerð ríkisins falið að annast verkfræðilegan undirbúning (hönnun) meiri háttar framkvæmda á þessu sviði.

Margar framkvæmdir á þessu sviði eru þó ekki stærri eða flóknari en svo, að eðlilegt er, að matsmenn, sem hljóta að hafa á því góða þekkingu, geti haft um þær forsögn án sérstakrar hönnunar. Aðrar eru aftur stórar í sniðum og geta þarfnast athugana sérfróðra manna og verulegra undirbúningsmælinga.

Vegagerðin hefur mesta reynslu á þessu sviði, stórfelldustu fyrirhleðslur eru hér gerðar í tengslum við vega- og brúagerð. Eðlilegt er, að Vegagerðin hafi á að skipa verkfræðingum, sem eru sérhæfðir á þessu sviði.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um þáttöku ríkisins í kostnaði við framkvæmdir og er lagt til að það beri $\frac{7}{8}$ hluta kostnaðar eins og tíðkæzt hefur, en landeigendur beri sam-eiginlega $\frac{1}{8}$ kostnaðar í hlutfalli við kostnað fyrir landi hvers og eins og hag þeirra af varnaraðgerðum. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðarins, skera malsmenn úr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 6. gr.

Rétt þykir að gera það að skyldu, að forsvarsmönnum veiðiréttareigenda, þ. e. stjórnnum veiðifélaga, séu kynnt áform um framkvæmdir við viðkomandi vötn, ár eða stöðuvötn.

Um 7. gr.

Þannig getur staðið á, að ekki megi draga það, að bregðast við skyndilegum ágangi vatna, svo sem vegna flóða eða annarra skyndilegra breytinga. Í slíkum tilfellum er heimilt samkvæmt þessari grein að hefja framkvæmdir, þó að ekki liggi fyrir fjárveiting. Þurfa þá matsmenn að afla samþykkis landbúnaðarráðuneytisins.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við þann hátt, sem hafður hefur verið á um framkvæmd þessara mála.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Landbrot af völdum fallvatna.

Eftirfarandi skrá um landbrot af völdum fallvatna er samín eftir lýsingum heimamanna, og er auðvitað, að hún er þó engan veginn tæmandi:

Hvítá, Reykjadalssá, Borgarfjarðarsýslu.
Stóra- og Litla-Þverá, Norðurá, Mýrasýslu.
Haukadalsá, Miðá, Reykjadalssá, Hörðudalsá og Hvolssá, Dalasýslu.
Blanda í Langadal, Vatnsdalssá, Austur-Húnavatnssýslu.
Héraðsvötn, Skagafjarðarsýslu.
Eyjafjarðará, Hörgá, Svarfaðardalsá, Eyjafjarðarsýslu.
Skjálfandafljót, Suður-Þingeyjarsýslu.
Jökulsá á Dal, Norður-Múlasýslu.
Jökulsá í Lóni, Hornafjarðarfljót, Djúpa á Mýrum, Kolgríma, Steinavötn,
Virkisá í Öræfum, Austur-Skaftafellssýslu.
Kúðafljót, Skálm, Hafursá, Klifandi, Holtsá, Vestur-Skaftafellssýslu.
Kaldaklifsá, Laugará, Svaðbælisá, Markarfljót, Holtsá, Ýrá, Rangárvallasýslu.
Þjórsá, Hvítá, Ölfusá, Stóra-Laxá, Árnessýslu.